

Sp.

406. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

(Eftir eina umr. i Ed.).

1. gr.

Á eftir 2. málgr. 27. gr. laganna komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.

2. gr.

30. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða hreppssjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir tvo fyrstu mánuðina og 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem liður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa öðlazzt staðfestingu konungs.